

# Námsáætlun í íslensku 1. bekkur

## Veturinn 2024-2025

<b>Stafsetning og skrift:</b> Að nemandi <ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifi stóran staf í upphafi nafna.</li><li>• Hafi bil á milli orða.</li><li>• Læri að draga rétt til stafs</li><li>• Þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd</li></ul>	<b>Málfræði:</b> Að nemandi <ul style="list-style-type: none"><li>• Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð.</li><li>• Fleirtala/eintala</li><li>• Andheiti/samheiti</li><li>• Þekki stafrófið</li><li>• Efli orðaforða og orðaskilning</li></ul>
<b>Ritun:</b> Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>• Þekki skrifaráttina</li><li>• Skrifi orð eða setningu</li><li>• Þjálfist í að hafa bil á milli orða</li><li>• Fáí fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi.</li></ul>	<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b> Að nemandi <ul style="list-style-type: none"><li>• Taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt.</li><li>• Þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi</li><li>• Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli</li></ul>
<p><b>Lestur :</b> Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig amk 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu.</p> <p><u><a href="#">Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls 2x</a></u></p>	
<b>Viðmið í 1. bekk:</b> Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>• þekki alla stafi og hljóð</li><li>• beiti aðferðum við umskráningu hljóða</li><li>• efli hljóðvitund sína</li><li>• 90% viðmið í lok 1. bekkjar eru 20 orð, 50% viðmið eru 55 og 25% viðmið eru 75 orð.</li></ul>	
<b>Námsmat:</b> Í lok annar verður gefin umsögn. Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarskimunum. Í annarlök verða lögð fyrir lesfimiþróf. Umsögn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðun og sjálfstæðis í vinnubrögðum.	
<b>Kennsluefni:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lestrarlandið – lesbók og stafaverkefni frá kennurum, Stafir og orð 1, Listin að lesa og skrifa, skrift 1a og 1b, valin verkefni frá kennara, léttlestrarbækur, vinnubækur og gagnvirkt efni.</li></ul>	

Við vinnum með einn bókstaf á viku og er hann lagður inn á mánudegi og svo unnið með hann þá vikuna. Vert er að taka fram að margir hafa nú þegar náð tökum á hljóðum allra bókstafa og eru farin að beita hljóðtengingu í átt að lestri. Engu að síður verður unnið sérstaklega með hvern bókstaf. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem hæfa hans getu, þrátt fyrir að námsþættir séu þeir sömu innan hópsins. Þannig stuðlum við að einstaklingsmiðun í námi.

Íslenska á haustönn – 1.bekkur		
Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
26. ág -1. sept	Bókstafurinn Áá Hvað eru bókstafir, orð, setningar Vinum með nafnið okkar Stór stafur í sérnöfnum	Kjötsúpuhátíð
2. – 8. sept.	Bókstafurinn Ss Skrift Rím	8. Dagur læs
9. – 15. sept.	Bókstafurinn Íí Samstöfur Skrift Nöfn bekkjarfélaganna/ stór stafur	
16. - 22. sept.	Bókstafurinn Aa Skrift Stafrófið úr efnivið náttúrunar	16. Dagur ísl náttúru
23.– 29. sept.	Bókstafurinn Ll Samsett orð Skrift	26. Evrópski tungumáladagurinn 27. Kennaraþing
30.sept – 6. okt.	Bókstafurinn Óó Orðhlutaeyðing Skrift	30. Foreldradagur
7. - 13. okt.	Bókstafurinn Rr Skrift	
14. – 20. okt.	Bókstafurinn li Skrift Samsett orð	
21. – 27. okt.	Bókstafurinn Úú Skrift	26. Fyrsti vetrardagur
28. okt. – 3. nóv.	<b>Bókstafurinn ??</b> Skrift	Námsmat
4. – 10. nóv.	Upprifjun	7. Skipulagsdagur 8. Annarleyfi
Miðönn		